

# GJALDSKRÁ

## fyrir Stykkishólmshöfn.

### I. KAFLI

#### Gildissvið.

##### 1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Stykkishólmshöfn er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

### II. KAFLI

#### Um hafnagjöld.

##### 2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykkt um mælingu skipa frá 1969.

##### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

#### Lestagjöld.

##### 4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 7,40 á mælieiningu skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

#### Bryggjugjöld.

##### 5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 3,60 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 48,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5.286 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 3.459 á mánuði. Geymsla annarra báta en áður eru taldir kr. 1.500 pr. mán.

Legugjald vegna kvíaleigu við básabryggju er innheimt á ársgrundvelli, fyrirfram.

a) Legugjald kr. 45.641 ársgjald.

#### Vörugjöld.

##### 6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

## 7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

## 8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

## 9. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

## 10. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

## 11. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

## Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 173,50 fyrir hvert tonn:  
Bensín, brennsluolía, kol, laust korn, salt, vikur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 334 fyrir hvert tonn:  
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 360 fyrir hvert tonn:
  - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolía, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
  - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.

c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

4. fl.: Gjald 1,60%.

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 3.000 kr. fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 109,00.

### Sorpeyðing.

12. gr.

Gjald fyrir sorpeyðingu reiknast miðað við brúttótonnatölu skipa og báta og er eftirfarandi:

0-20 brt.	kr. 800	pr. mánuð
21-50 brt.	kr. 1.500	pr. mánuð
51-200 brt.	kr. 2.300	pr. mánuð
201 brt. og yfir	kr. 3.000	pr. mánuð
Ferjur	kr. 5.000	pr. mánuð

### Vatnssala.

13. gr.

Gjald fyrir vatn afgreitt frá bryggju er miðað við brúttótonnatölu skipa og báta eða innheimt skv. mæli og er eftirfarandi:

Samkvæmt mæli	kr. 115	pr. tonn
0-20 brt.	kr. 1.000	pr. mánuð
21-50 brt.	kr. 2.500	pr. mánuð
51-100 brt.	kr. 5.000	pr. mánuð
101-200 brt.	kr. 10.000	pr. mánuð
Afgreiðslugjald að degi	kr. 2.645	
Afgreiðslugjald að nóttu	kr. 4.685	

### Vigtargjald.

14. gr.

Almenn vigtun kr. 190 fyrir hvert byrjað tonn. Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun kr. 345. Útkall vigtarmanns kr. 6.885. Yfirvinna vigtarmanns kr. 1.725 pr./klst. Yfirvinnugjald vegna vigtunar greiðist þegar vigtað er eftir kl. 19.00 mánudaga til föstudaga og á alla vigtun um helgar.

**Hafnsögu- og festargjöld.**

15. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi:

- |                              |                        |
|------------------------------|------------------------|
| a) Hafnsögugjald             | kr. 3,96 á mælieiningu |
| b) Hafnsögugjald, fastagjald | kr. 1.442              |
| c) Hafnsögubátur             | kr. 20.000             |
| d) Festargjald við komu      | kr. 4.310              |
| e) Festargjald við brottför  | kr. 4.310              |

**Raforkusala.**

18. gr.

Raforkusala er innheimt skv. mæli 8,68 kr./kw.stund.

**Kranagjald.**

19. gr.

Kranagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi:

- |                 |                                      |
|-----------------|--------------------------------------|
| a) Kranagjald 1 | 240 kr. á tonn eða hvert byrjað tonn |
| b) Kranagjald 2 | 6.886 kr. lágmark á ári              |
| c) Kranagjald 3 | 2.295 kr. grásleppubátar pr. mánuð   |

**Hafnarverndargjald.**

20. gr.

Gjald vegna hafnarverndar er eftirfarandi:

- |                         |            |
|-------------------------|------------|
| Fastagjald              | kr. 15.000 |
| Öryggisgæsla:           |            |
| a) Dagvinna pr. klst.   | kr. 3.200  |
| b) Næturvinnu pr. klst. | kr. 5.000  |

**Farþegagjald.**

21. gr.

Heimilt er einstökum höfnum að taka farþegagjald við komu og brottför fyrir hvern fullorðinn farþega og hálf gjald fyrir hvert barn sem fer um höfnina aðra en farþega ferja og flóa-báta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum. Hafnarstjórn ákveður gjöld fyrir aðra þjónustu hafnarinnar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Farþegagjald skemmtibáta skal vera kr. 50 fyrir fullorðinn og kr. 25 fyrir börn 12-16 ára.

## III. KAFLI

**Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.**

17. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Þjónustugjöld í greinum 12 og 13 eru tekin að fullu ef þjónustudagar eru 10 eða fleiri í mánuði, undir 10 dögum hálf mánaðargjald. Á öll gjöld í gjaldskrá þessari leggst 24,5% vsk. að undanskilinni 21. gr.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

## 18. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Stykkishólms hafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

## 19. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

## 20. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 7. gr. hafnalaga.

## IV. KAFLI

**Gildistaka.**

## 21. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Stykkishólmshöfn er samþykkt af hafnarstjórn þann 19. júlí 2004 og bæjarráði þann 28. júlí 2004 skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. ágúst 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Stykkishólmshöfn frá 1. júlí 2003.

*Stykkishólmi, 28. júlí 2004.*

**Óli Jón Gunnarsson** bæjarstjóri.